

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 2

1. árgangur

13.4.1994

við Stjórnartíðindi EB

I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið

2. Sameiginlega EES-nefndin

94/EES/2/01

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/94 frá 8. mars 1994 um breytingar á bókun 4 við EES-samninginn, um upprunareglur01

Sameiginleg yfirlýsing um upprunareglur vegna gildistöku EES-samningsins.....07

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllin

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

94/EES/2/02

Tillögur að tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins sem varða EES08

94/EES/2/03

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (mál nr. IV/M.401 - Rütgerswerke AG/Hüls Troisdorf AG)08

94/EES/2/04

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (mál nr. IV/M.361 - Neste/Statoil)08

94/EES/2/05	Ríkisaðstoð - C 34/92 (N 615/92) - ÍTALÍA09
94/EES/2/06	Ríkisaðstoð - C 2/93 (N 505/92) - BELGÍA.....09
94/EES/2/07	Ríkisaðstoð - C 3/93 (N 506/92) - BELGÍA09

3. Dómstóllinn

EES - STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

94/EES/2/01

nr. 6/94

frá 8. mars 1994

um breytingar á bókun 4 við EES-samninginn, um upprunareglur

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Taka verður tillit til þess að Sviss er ekki aðili að þessum samningi. Það eru sameiginlegir fjár- og stjórnsýsluhagsmunir allra aðila að viðhalda núverandi frelsi og fríðindum í viðskiptum aðila þessa samnings og Sviss. Því þarf að breyta vissum ákvæðum bókunar 4 við samninginn varðandi skilgreiningu á uppruna, meginreglum um yfirráðasvæði og beinan flutning og reglum varðandi bann við endurgreiðslu á eða undanþágu frá tollum.

Reglur um uppruna hálfunninna vara og muna úr plasti úr vöruliðum 3916 til 3921 samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskrárinnar (ST) sem eru afrakstur samfjölíðunar gera annaðhvort ráð fyrir verðmætamarkinu 50% fyrir öll notuð efni sem eru ekki upprunaefni og 20% fyrir öll notuð efni í 39. kafla sem eru ekki upprunaefni eða, sem annan kost, verðmætamarkinu 25% fyrir öll notuð efni sem eru ekki upprunaefni. Ekki er hægt að uppfylla þessar reglur hvað sumar tegundir af málmhúðuðum plastþynnum varðar vegna þess að hálfunnu vörunnar sem eru nauðsynlegar til framleiðslu þeirra eru ekki fánlegar á svæði EB og EFTA. Það virðist rétt að breyta reglum um uppruna hvað þessar vörur áhrærir og leyfa notkun á tilteknum tegundum plastþynna sem eru ekki upprunavörur.

Undanþágan frá upprunareglunni í 84. kafla samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskrárinnar (ST) í neðanmálsgreininni í II. viðbæti við bókun 4 vegna eldsneytis fyrir kjarnakljúfa gildir aðeins til 31. desember 1993. Eldsneyti fyrir kjarnakljúfa í lið 8401 framleitt úr úranfúmi sem er ekki upprunaefni en betrubætt hjá samningsaðilum fullnægir ekki enn

meginkröfum upprunareglna varðandi 84. kafla ST og mun líklega ekki gera það um fyrirsjáanlegan tíma. Í eldsneytisframleiðslu til kjarnakljúfa eru samningar gerðir til langs tíma og löngu áður en birgðir eru afhentar. Það er ráðlegt að tryggja réttaröryggi í þessu sambandi. Rétt er að framlengja undanþáguna um önnur fimm ár.

Breytingar á upprunareglum varðandi líkjöra úr ST-númeri 2208, málmblendi („Mischmetall“), úr ST-númeri 2805 og loðskinn í ST-númeri 4303 hafa verið samþykktar af samningsaðilum með frívverslunarsamningum milli bandalagsins og EFTA-ríkjanna og einnig milli EFTA-ríkjanna sjálfra. Breyta þarf II. viðbæti við bókun 4 til samræmis.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

4., 10., 13. og 15. gr. bókunar 4 skal breytt eins og segir í I. viðauka við þessa ákvörðun.

2. gr.

II. viðbæti við bókun 4 skal breytt eins og segir í II. viðauka við þessa ákvörðun.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafa borist sameiginlegu EES-nefndinni.

Hún gildir frá 1. janúar 1994.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 8. mars 1994

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður
N.G. van der Pas

I. VIÐAUKI

BÓKUN 4 SKAL BREYTT SEM HÉR SEGIR:

1. Eftirfarandi málsgrein er skotið inn í 4. gr.:

„1a. Þrátt fyrir 1. mgr. skal líta á efni sem eru upprunnin í Sviss í skilningi bókunar 3 við fríværslunarsamning EBE og Sviss eða viðauka B við samninginn um stofnun Fríværslunarsamtaka Evrópu sem upprunaefni.“

2. Í stað 3. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„3. 1. mgr., 1. mgr. a og 2. mgr. skulu gilda nema að því leyti sem kveðið er á um í 5. gr.“

3. Í stað 10. gr. komi eftirfarandi:

„10. gr.

Meginregla um yfirráðasvæði

1. Fullnægja verður skilyrðum í II. bálki um öflun upprunaréttinda á EES óslitið. Hvað þetta varðar telst skilyrðum um öflun upprunaréttinda ekki fullnægt ef vörur sem hafa hlotið aðvinnslu á EES eru fluttar frá EES, hvort sem einhver hluti vinnslunnar hefur farið fram utan yfirráðasvæðisins eða ekki, samanber þó 11. og 12. gr.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. telst skilyrðum um öflun upprunaréttinda hafa verið fullnægt óslitið ef vörur sem eru upprunnar á EES eru fluttar út frá einum samningsaðila til Sviss og út þaðan til samningsaðila, að því tilskildu vörurnar hafi ekki hlotið

aðvinnslu í Sviss umfram þær ófullnægjandi aðgerðir sem eru skráðar í 5. gr.“

4. Í stað 1. mgr. 13. gr. komi eftirfarandi:

„1. Sú fríðindameðferð sem kveðið er á um í samningnum gildir einungis um framleiðsluvörur sem fullnægt hafa þeim kröfum sem settar eru fram í þessari bókun og eru fluttar innan EES eða Sviss. Hins vegar má flytja framleiðsluvörur í einni vörusendingu um önnur yfirráðasvæði en EES eða Sviss vegna umfermingar eða bráðabirgðageymslu á þeim yfirráðasvæðum, að því tilskildu að vörurnar hafi verið undir eftirliti tollyfirvalda í landinu þar sem umfermingin eða geymslan á sér stað og ekki hlotið aðra meðferð en affermingu, endurfermingu eða meðferð sem miðar að því að forða þeim frá skemmdum.“

5. Í stað 1. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„1. Efni sem ekki eru upprunaefni eða efni sem eru upprunnin í Sviss í skilningi fríværslunarsamnings EBE og Sviss eða samningsins um stofnun Fríværslunarsamtaka Evrópu og notuð eru við framleiðslu á vörum, sem eru upprunavörur á EES í skilningi þessarar bókunar og gefin hefur verið eða útbúin sönnun á uppruna fyrir í samræmi við ákvæði V. bóls, skulu ekki njóta hjá neinum samningsaðila endurgreiðslu á eða undanþágu frá neins konar tollum.“

II. VIÐAUKI

Í II. VIÐBÆTI VERÐI TEXTI VÖRULIÐA SEM HÉR SEGIR:

ST-númer	Vörulýsing	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi
(1)	(2)	(3) eða (4)
úr 2208	Ómengið etylalkóhól að alkóhólstyrkleika minna en 80% miðað við rúmmál; áfengir vökvar, líkjörar og aðrar áfengar drykkjarvörur;	
	- Anísvín (Ouzo)	Framleiðsla: - úr efnum sem flokkast ekki undir nr. 2207 og 2208, og þar sem - öll ber eða efni fengin úr berjum, verða að vera að öllu leyti fengin
	- Líkjörar og aðrar áfengar drykkjarvörur, sem búið er að bæta í súkrósa, invertsykri, eggjum eða eggjarauðu	Framleiðsla: - úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota „arrack“ í allt að 5% rúmmáli; og - úr berjum eða efnum fengnum úr berjum, sem verður að vera að öllu leyti fengin
	- Annað	Framleiðsla: - úr efnum sem flokkast ekki undir nr. 2207 eða 2208, og - úr berjum eða efnum fengnum úr berjum, sem verður að vera að öllu leyti fengin. eða ef öll efnin teljast þegar upprunavörur er heimilt að nota „arrack“ í allt að 5% af rúmmáli

ST-númer	Vörulýsing	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi	
(1)	(2)	(3)	(4)
úr 28. kafla	Ólífræn efni; lífræn eða ólífræn sambönd góðmálma, sjaldgæfra jarðmálma, geislavirkra frumefna eða samsetna, þó ekki úr nr. 2805, úr 2811, úr 2833 og úr 2840, sem um gilda eftirfarandi reglur	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé virði þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að virði ekki meira en 40% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2805	Málmblendi („Mischmetall“)	Framleiðsla með rafgreiningar- eða hitameðferð úr efnum sem í heild eru að virði ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar	
úr 3916 til 3921	Hálfunnar og fullunnar vörur úr plasti; þó ekki úr 3916, úr 3917, úr 3920 og úr 3921, sem um gilda eftirfarandi reglur: - Flatvörur, unnar meira en aðeins á yfirborði eða skornar í aðra lögun en réttthyrninga (þ.m.t. ferninga), aðrar vörur sem fengið hafa meiri vinnslu en einungis yfirborðsmeðferð - Annað: -- Samfjölliðunarvörur	Framleiðsla úr efni í 39. kafla sem í heild er að virði ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að virði ekki meira en 25% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
		og - þar sem efni í 39. kafla er að virði ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar ⁽¹⁾	
	-- Annað	Framleiðsla úr efni í 39. kafla sem er í heild að virði ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar ⁽¹⁾	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að virði ekki meira en 25% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

⁽¹⁾ Að því er varðar vörur úr efnum sem flokkast annars vegar í nr. 3901 til 3906 og hins vegar í nr. 3907 til 3911 gildir takmörkun þessi aðeins um þann flokk efna sem meira er af miðað við þyngd.

ST-númer	Vörulýsing	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veittir upprunaréttindi	
(1)	(2)	(3)	eða (4)
úr 3916 og úr 3917	Próffilar og slöngur	Framleiðsla: - úr efnum sem í heild eru að virði ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar, og - þar sem efni sem flokkast undir sama vörulið og framleiðsluvaran er að virði ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að virði ekki meira en 25% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 3920	Jóniumblið og filmur	Framleiðsla úr hitadeigu efni, að hluta til úr salti sem er samfjöliliður úr etýlen og metaakrýlsýru sem er að hluta til gerð hlutlaus með málmjónum, einkum sinki og natríum	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að virði ekki meira en 25% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 3921	Málmhúðaðar plastþynnur	Framleiðsla úr mjög gagnsæjum pólýesterþynnum sem eru þynnri en 23 míkron ⁽¹⁾	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að virði ekki meira en 25% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
4303	Fatnaður, fylgihlutir og aðrar vörur úr loðskinni	Framleiðsla úr ósamsettum, sútuðum eða verkuðum loðskinum í nr. 4302 ⁽²⁾	
úr 8401	Eldsneyti fyrir kjarnakljúfa	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran ⁽³⁾	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að virði ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

⁽¹⁾ Eftirtaldir þynnur teljast mjög gagnsæjar: þynnur sem deyfa ljós minna en 2 af hundraði mælt samkvæmt ASTM-D 1003-16 með Gardner-ljósmeili (þ.e. „Hazefactor“).

⁽²⁾ Heimilt er að nota til 31. október 1994 samsett skinn af suzluki, gráum Síberíufkorna, hamstri, burundukí, pesjaníkí, pahmi, kínversku lambi og kínverskum kiðlingi úr ST-nr 4302.

⁽³⁾ Þessi regla gildir til 31. desember 1998.

ÍSLENSK ÚTGÁFA

Sameiginleg yfirlýsing um upprunareglur vegna gildistöku EES-samningsins

- A. Vörur sem voru fluttar út fyrir gildistöku EES-samnings frá einum samningsaðila til annars á grundvelli EFTA-samningsins eða einstakra tvíhliða fríverslunarsamninga milli bandalagsins og Austurríkis, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar skulu teljast upprunnar á EES. Þetta á ekki við um vörur sem verðjöfnunarákvæði hafa gilt um í samræmi við bókun nr. 2 við fríverslunarsamninga milli bandalagsins og einstakra EFTA-ríkja og viðauka D við EFTA-samninginn.
- B. Ákvæði V. og VI. bálks bókunar 4 við EES-samninginn gilda um sönnun á uppruna sem er gefin út í samhengi við þessa bókun og ásamt tilvísun til EES-uppruna felur í sér tilvísun í bandalags-, austurrískan, finnskan, íslenskan, norskan eða sænskan uppruna í skilningi bókunar nr. 3 við fríverslunarsamning EBE og Sviss eða viðauka B við EFTA-samninginn.
- C. Viðeigandi óbirtir úrskurðir um beitingu bókunar nr. 3 við fríverslunarsamningana milli bandalagsins og Austurríkis, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar skulu gilda að breyttu breytanda um bókun 4 við EES-samninginn.
- D. Vegna þess að Sviss stendur utan EES skal tekið fram að V. og VI. bálkur við bókun nr. 3 við fríverslunarsamninga milli bandalagsins og EFTA-ríkjanna og V. og VI. bálkur við viðauka B við EFTA-samninginn skulu gilda áfram um vörur upprunnar í Sviss í skilningi þessara samninga.
- E. Þessi sameiginlega yfirlýsing skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins ásamt ákvörðuninni varðandi bókun 4 við EES-samninginn.

EB-STOFNANIR**FRAMKVÆMDASTJÓRNIN****Tillögur að tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins sem varða EES 94/EES/2/02**

Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um textílheiti sem birtist í Stjtið. C 96 frá 6.4.1994 (COM(93) 712 lokatillaga).

Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um ákveðnar aðferðir varðandi magngreiningu á textíltrefjablöndum úr tveimur efnum sem birtist í Stjtið. C 96 frá 6.4.1994 (COM(93) 713 lokatillaga).

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(mál nr. IV/M.401 - Rütgerswerke AG/Hüls Troisdorf AG)**

94/EES/2/03

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 4064/89

2.3.1994 ákvað framkvæmdastjórnin að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þriðju aðilar sem hafa áhuga geta fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Heimilisfangið er:

Commission of the European Communities,
Directorate General for Competition (DG IV),
Merger Task Force,
Avenue de Cortenberg, 150,
B-1049 Brussels.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(mál nr. IV/M.361 - Neste/Statoil)**

94/EES/2/04

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 4064/89

17. 2. 1994 ákvað framkvæmdastjórnin að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þriðju aðilar sem hafa áhuga geta fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Heimilisfangið er:

Commission of the European Communities,
Directorate General for Competition (DG IV),
Merger Task Force,
Avenue de Cortenberg 150,
B-1049 Brussels.

Ríkisaðstoð - C 34/92 (N 615/92) - ÍTALÍA

94/EES/2/05

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EBE-sáttmálans að því er varðar þá aðstoð sem Ítalía hefur ákveðið að veita í formi lækkunar og yfirtöku ríkisins á iðgjöldum sem fyrirtæki í Mezzogiorno greiða vegna almannatrygginga (sjá nánari útlitun í Stjtið. C 99 frá 8.4.1994).

Framkvæmdastjórnin tilkynnir hér með að aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og þeir sem hafa áhuga geta sent athugasemdir varðandi þessar ráðstafanir innan 30 daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. til framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Heimilisfangið er:

Commission of the European Communities,
Rue de la Loi 200,
B-1049 Brussels.

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu.

Ríkisaðstoð - C 2/93 (N 505/92) - BELGÍA

94/EES/2/06

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EBE-sáttmálans að því er varðar aðstoðaráætlanir sem Belgía hefur lagt til vegna fjárfestinga á sviði umhverfismála (sjá nánari útlitun í Stjtið. C 100 frá 9.4.1994).

Framkvæmdastjórnin tilkynnir hér með að aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og þeir sem hafa áhuga geta sent athugasemdir varðandi þessar ráðstafanir innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. til framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Heimilisfangið er:

Commission of the European Communities,
Rue de la Loi 200,
B-1049 Brussels.

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Belgíu.

Ríkisaðstoð - C 3/93 (N 506/92) - BELGÍA

94/EES/2/07

Framkvæmdastjórnin hefur lokið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EBE-sáttmálans að því er varðar aðstoð sem Belgía ákvað að veita í Vallóníu vegna tveggja áætlana um fjárfestingaraðstoð í tengslum við endurnýjanlegar orkulindir (sjá nánari útlitun í Stjtið. C 100 frá 9.4.1994).